

Stykkishólmur og Helgafellssveit

Breyting á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og nýtt deiliskipulag Hafnarsvæði við Skipavík

Lýsing skipulagsverkefnis

Desember 2022



Stykkishólmsbær

GLÁMA · KÍM

Arkitektar Laugavegl 164 ehf. 105 Reykjavík
s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739
glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is

VSÓ RÁÐGJÖF

Efnisyfirlit

1	LÝSING SKIPULAGSVERKEFNIS	3
1.1	AÐDRAGANDI OG TILGANGUR	3
1.2	SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG LANDNOTKUN	3
1.3	AÐALSKIPULAG STYKKISHÓLMS 2002-2022	3
1.4	SKRÁÐAR MINJAR	4
2	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	4
2.1	DEILISKIPULAG	4
2.2	AÐRAR ÁÆTLANIR OG STEFNUMÖRKUN	5
3	VIÐFANGSEFNI AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR OG NÝS DEILISKIPULAGS	5
3.1	AÐALSKIPULAGSBREYTING	5
3.2	NÝTT DEILISKIPULAG	5
4	UMHVERFISMAT	6
4.1	AÐALSKIPULAGSBREYTING	6
4.2	DEILISKIPULAG	6
4.3	NÁLGUN UMHVERFISMATS	6
4.4	UMHVERFIS- OG ÁHRIFAPÆTTIR VEGNA BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI OG NÝS DEILISKIPULAGS	6
4.5	VIÐMIÐ	7
4.6	VALKOSTIR	7
5	SAMRÁÐ OG KYNNINGAR	7
5.1	UMSAGNARÁÐILAR	8
6	FRAMSETNING SKIPULAGSGAGNA	8
7	ATHUGASEMDIR VIÐ LÝSINGU SKIPULAGSVERKEFNIS	8
8	TÍMAÁÆTLUN	8

1 Lýsing skipulagsverkefnis

1.1 Aðdragandi og tilgangur

Í eftirfarandi skipulagslýsingu verður gerð grein fyrir áherslum sveitarfélagsins er varðar breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna stækkunar á hafnarsvæðinu við Skipavík skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með vísun í 36. gr. laganna og kafla 4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður unnið nýtt deiliskipulag fyrir Skipavíkursvæðið skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni verður gerð grein fyrir núverandi og fyrirhugaðri starfsemi á deiliskipulagssvæðinu sem í gildandi Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 er skilgreint sem hafnarsvæði en þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi t.d. skipasmíði, slipp, þangvinnslu og annari afleiddri starfsemi.

1.2 Skipulagssvæðið og landnotkun

Skipulagsbreytingarnar taka til svæðis sem afmarkast af Þembu að norðanverðu, Leyni að austanverðu, Nesvegi að sunnanverðu og Búðarnesi að vestanverðu. Deiliskipulagssvæðið er að lang stærstum hluta skilgreint sem hafnarsvæði í aðalskipulagi, en meðfram Nesvegi eru skilgreint opið svæði og íbúðarsvæði.


Á svæðinu eru í dag skráðar nokkrar lóðir: Nesvegur 12, 14, 16, 18, 20, 20a, 22, 22a og 24.



Loftmyndir ehf. Mynd frá 2020

1.3 Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022

Í greinargerð með gildandi aðalskipulagi segir almennt um athafnasvæði / hafnarsvæði (kafla 3.3.8) „Markmiðið er að hafa tiltæk svæði fyrir sem fjölbreyttasta atvinnustarfsemi. Stefnt er að enn betri nýtingu núverandi hafnar- og athafnasvæða og er deiliskipulagning þeirra verkfæri til þess. Í deiliskipulagi verður tekið á nýtingu svæðanna með tilliti til hagkvæmni og landslags og aðlögunar að bæjarmyndinni.“



Skjáskot af Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022.

1.4 Skráðar minjar

Skráðar minjar eru í grend við skipulagssvæðið og hugsanlega lenda einhverjar innan skipulagsmarka. Eini friðlýsti staðurinn í Stykkishólmi, gömul búðartóft í Búðarnesi sem var friðlýst árið 1929 (merkt nr. 24-33 á aðalskipulagsupprætti) er í grend við skipulagssvæðið. Fornleifum sem eru friðlýstar fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað.

Aðrar minjar með hátt verndargildi, sbr. fyrirbyggjandi fornleifakráningu í Stykkishólmi, eru rústir gamla Viðvíkurbæjarins (nr. 19) sem að hugsanlega lenda innan skipulagssvæðis og minjar á Hjallatanga (3-9) sem allar eru utan skipulagssvæðisins.¹ Umhverfis friðaðar minjar er 15 m friðhelgað svæði, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þar sem hvers konar röskun og framkvæmdir eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands....“

Við skipulagsgerðina verður gætt að minjunum og helgunarsvæðum þeirra.

2 Tengsl við aðrar áætlanir

2.1 Deiliskipulag

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir Skipavíkursvæðið í heild en í gildi er deiliskipulag frá 2007 fyrir hluta svæðisins n.t.t. Nesveg 12 og 14 með síðari breytingu 2021. Stefnt er að því að nýja deiliskipulagið fyrir Skipavíkursvæðið muni einnig taka til þessara lóða og gildandi deiliskipulag þá fellt úr gildi.

¹ Þjóðminjasafn Íslands 1987/2005: [Fornleifaskráning í Stykkishólmi](#). Ágúst Ólafur Georgsson

2.2 Aðrar áætlanir og stefnumörkun

Verndaráætlun Breiðafjarðar.

Skipulagssvæðið liggur að sjó og verndarsvæði Breiðafjarðar sbr. lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Leitast verður við að samræma tillögu þessa að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 að markmiðum Verndaráætlunar Breiðafjarðar 2014-2019.²

Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun (samþykkt 2. október 2018).

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfis-, menningar-, samfélags og efnahagslegu tilliti. Með undirritun skjalsins, skuldbundu sveitafélögin sig til þess „að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni.“³

Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026

Unnið verður í samræmi við stefnu Svæðisskipulagsins um framtíðarsýn og byggðapróun.

3 Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags

3.1 Aðalskipulagsbreyting

Gert er ráð fyrir að landnotkun verði áfram hafnarsvæði og að þar verði fyrst og fremst hafnsækin starfsemi eins og segir fyrir um í gildandi aðalskipulagi, þ.e. „að taka mið af núverandi atvinnulífi og leitast við að skapa því skilyrði til vaxtar og viðgangs ásamt nýsköpun í atvinnumálum.“ (Aðalskipulag Stykkishólms, kafli 1.3 almenn markmið).

Helstu markmið með aðalskipulagsbreytingunni eru að samræma enn betur aðalskipulagið að stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu á þessu svæði.

3.2 Nýtt deiliskipulag

Í deiliskipulagstillögunni verður svæðið nánar útfært, lóðir og byggingareitir afmarkaðir og gerð grein fyrir byggingarheimildum. Einnig verður gerð grein fyrir öðrum framkvæmdum s.s. núverandi og fyrirhugaðri vega- og stígagerð, veitum, mengunarvörnum og öðrum viðeigandi þáttum til grundvallar útgáfu leyfa til bygginga og framkvæmda. Í greinargerðinni verður jafnframt gerð grein fyrir fyrirhugaðri landnotkun þ.e. núverandi og fyrirhugaðri starfsemi á svæðinu m.a. hafnsækinni starfsemi s.s. skipasmíði, slíp, þangvinnslu og annari afleiddri starfsemi.

Eins og áður segir mun nýtt deiliskipulag ná yfir lóðimar við Nesveg 12 og 14 og deiliskipulag þeirra frá 2007 sem fellt verður úr gildi. Byggingarheimildir eldra deiliskipulags verða teknir upp í nýja deiliskipulagið.

Helstu markmið með nýju deiliskipulagi eru að:

- tryggja enn betur skynsamlega nýtingu innviða og möguleika svæðisins

² [Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019](#)

³ [Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun](#)

- búa til skilvirkt skipulag sem skýrir umfang mögulegrar uppbyggingar á svæðinu.
- framkvæmdaheimildir miði að góðri umgengni við umhverfið með viðeigandi kröfum um fráveitu, meðhöndlun úrgangs og mengunarvarna.
- tryggja gott aðgengi og umferðarflæði um svæðið.
- vinna að sem bestri ásýnd svæðisins með aðlögun byggðar að landi.
- tryggja aðgengi að náttúru og minjum í grend við skipulagið.

Við skilmálagarð og útfærslu verður leitast við að ná ofngreindum markmiðum.

4 Umhverfismat

4.1 Aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og verður unnið umhverfismat fyrir breytingartillöguna samkvæmt kröfum laganna.

4.2 Deiliskipulag

Deiliskipulag hafnarsvæðis kann að fela í sér tilkynningarskylda framkvæmd í flokki B, sbr. lið 10.10 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tafla 4-1 Úr 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Töluliður	Flokkur framkvæmda	A	B
10.10	Hafnir, vatnaleiðir og viðlegubryggjur, utan þess sem tilgreint er í tölul. 10.09 þar sem framkvæmdasvæði er a.m.k. 1 ha..		X

Við gerð deiliskipulags verða metin áhrif þess á umhverfið og gerð grein fyrir þeim í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar og ef við á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

4.3 Nálgun umhverfismats

Matsvinnan fer fram samhliða vinnu við breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og vinnu við nýtt deiliskipulag. Með því móti er stuðlað að því að horft verði til umhverfissjónarmiða við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi.

Í matsvinnunni mun koma fram hvort tiltekin umhverfisáhrif geti talist vera verulega neikvæð og ef svo reynist verður brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

Umhverfisskýrsla verður hluti af greinargerð aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags.

4.4 Umhverfis- og áhrifaþættir vegna breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags

Umfjöllun um umhverfisáhrif miðar að því að fjalla um þá umhverfisþætti sem líklega verða fyrir áhrifum vegna breytinga á aðalskipulaginu/nýs deiliskipulags. Í töflu 4-2 er yfirlit yfir þá þætti sem verða til skoðunar í skipulagsvinnunni.

Tafla 4-2 Yfirlit yfir umhverfisþætti og helstu áhrifaþætti.

Umhverfisþættir	Undirþáttur	Matsspurning	Viðmið
Auðlindir	Verndarsvæði	Hefur skipulagsvinnan áhrif á verndarsvæði?	Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.
	Landslag/ásýnd	Hefur skipulagsvinnan áhrif á: Náttúrulegt landslag? Ásýnd svæðisins?	Markmið Verndaráætlunar Breiðafjarðar
Náttúrufar	Sjór og strandlengja	Hefur skipulagsvinnan áhrif á: Strandlengjuna?	Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
Samfélag og byggð	Hljóðvist Loftgæði	Hefur skipulagsvinnan áhrif á: Hljóðvist vegna starfsemi á svæðinu og/eða umferð tengt þeirri starfsemi? Loftgæði?	Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði
Menningaminjar	Fornleifar	Hefur skipulagsvinnan áhrif á fornminjar á svæðinu?	Lög um menningarmínjar nr. 80/2012

4.5 Viðmið

Við mat á umfangi áhrifa skipulags er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa og viðmið sem koma fram í töflu 4-2.

Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum verður lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa verður eftirfarandi:

Mjög neikvæð (–)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Í umhverfisskýrslu verður farið yfir rökstuðning fyrir vægismati hvers umhverfisþáttar og lagðar til mótvægisáðgerðir og vöktun eftir því sem við á.

4.6 Valkostir

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir líklegum áhrifum skipulagsbreytinga samanborðið við óbreytt ástand, þ.e. núllkost.

5 Samráð og kynningar

Breytingar á aðalskipulagi falla undir 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verður samráð og kynning fyrir almenning, íbúum og helstu umsagnaraðilum í samræmi við 30. og 31. gr. laganna.

Haldið verður opið hús í tengslum við kynningu skipulagslýsingar í desember 2022. Á vinnslustigi tillögugerðarinnar verður hagsmunaaðilum/lóðarhöfum á svæðinu boðið til sérstakra samráðsfunda. Gert er ráð fyrir að þessir fundir verði í desember 2022 - janúar 2023. Á auglýsingartíma tillagnanna verður íbúum og öðrum hagsmunaaðilum boðið til opins kynningarfundar.

Öll skipulagsgögn, þ.e. lýsing skipulagsverkefnis, tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að nýju deiliskipulagi verða aðgengileg á heimasíðu bæjarfélagsins: <https://www.stykkisholmur.is/>

Gert er ráð fyrir að tillaga að aðalskipulagsbreytingu verði auglýst samhliða deiliskipulagstillögunum, sbr. verk- og tímaáætlun hér fyrir neðan.

5.1 Umsagnaraðilar

Helstu umsagnaraðilar skipulagsgagna eru:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin (siglingasvið)
- Breiðafjarðarnefnd
- Minjastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Umhverfisstofnun
- Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness

6 Framsetning skipulagsgagna

Aðalskipulagsbreytingin verður sett fram á uppdráttarblaði með tilheyrandi greinargerð. Nýtt deiliskipulag verður sett fram á uppdráttarblaði með tilheyrandi greinargerð. Umhverfisskýrsla er sett fram í greinargerð.

7 Athugasemdir við lýsingu skipulagsverkefnis

Ábendingar og athugasemdir skulu berast skriflega til Kristínar Þorleifsdóttur, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi eða í tölvupósti á skipulag@stykkisholmur.is

8 Tímaáætlun

Líklegt er að skipulagsferlið verði sem hér segir:

SKIPULAGSLÝSING

9.11.2022 Skipulagsnefnd samþykkir að vinna nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið við Skipavík ásamt breytingu á aðalskipulagi.

„Skipulagsnefnd samþykkir samhliða að svæði, sem skilgreint er í Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 sem hafnarsvæði við Skipavík, verði deiliskipulagt og eftir atvikum gerðar samhliða breytingar á aðalskipulagi. Vinna og verklag verði í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að vinna drög að skipulagslýsingu í samræmi við framangreint.“

24.11.2022 Bæjarstjórn samþykkir að vinna þurfi nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið við Skipavík ásamt breytingu á aðalskipulagi.

- 28.11.2022 Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa skipulagslýsingu.
- 8.12.2022 Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagslýsingu.
- 9.-31.12. 22 Skipulagslýsing í kynningu á heimasíðu og Facebook síðu sveitarfélagsins. Prentað eintak í ráðhúsi. Dreifibréf í sundlaug og byggingarvöruverslun Skipavíkur. Athugasemdafrestur til 6. janúar 2022.
- 09.12.2022 Opið hús kl.17:00-18:00 í Amtbókasafni. Auglýst á heimasíðu, dreifibréf í sundlaug og verslun og til íbúa og hagnunaaðila á svæðinu.
- 12.12.2022 Lýsingin send til Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila. Athugasemdafrestur til 6. Janúar 2022.
- 14.12.2022 Opið hús kl. 12-17 á skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs á 2. hæð í Ráðhúsi Stykkishólms.

VINNSLUTILLAGA

- Des '22 Skipulagsráðgjafar vinna *vinnslutillögu* að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi og umhverfismat tillagna.
- Jan '23 Hagsmunaaðilum á svæðinu boðið til sérstakra samráðsfunda þar sem kynnt verða drög að skipulagsupprætti
- Jan '23 Vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu samþykkt í skipulagsnefnd og bæjarstjórn.
- Jan '23 Vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi send til Skipulagsstofnunar til athugunar (staðfestir hvort í lagi sé að auglýsa tillöguna)
- Jan '23 Opinn kynningarfundur fyrir íbúa og aðra hagsmuna

SKIPULAGSTILLAGA

- Feb '23 Tillaga að nýju deiliskipulagi, breytingu á aðalskipulagi og umhverfisskýrslu auglýst í a.m.k. 6 vikur (Lögbirtingablað, Skessuhorn, heimasíða).
- Feb '23 Kynningarfundur fyrir almenning.
- Mar '23 Skipulagstillögurnar teknar til umfjöllunar í skipulagsnefnd og bæjarstjórn. Afstaða tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir send þeim sem þær gerðu. Niðurstaða bæjarstjórnar auglýst.
- Mars '23 Samþykktar skipulagstillögur sendar Skipulagsstofnun til yfirferðar ásamt málgögnum innan 12 vikna frá lokum athugasemdafrests.
- Apríl '23 Skipulagsstofnun staðfestir aðalskipulagsbreytinguna innan 4 vikna frá því að uppdráttur berst og birtir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda. Stofnunin metur hvort tilefni er til að yfirfara deiliskipulagið m.t.t. þess hvort gallar eru á efnis- og málsmeðferð. Stofnunin kemur athugasemdum á framfæri við sveitarfélagið innan 3 vikna frá því að skipulagsgögn bárust.
- Mai '23 Hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir skal bæjarstjórn fjalla um þær og gera nauðsynlegar breytingar.
- Mai-jún '23 Bæjarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.